



Reykjavík, 16. mars 2020
SFS2017050165
183. fundur
HG/nkc/ss/hhl/gr

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Aðgerðaáætlun starfshópsins Vinsamlegt samfélag í kjölfar úttektar á stöðu eineltis á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

LEIKSKÓLAR

- **Einn leikskólastjórafundur á vorönn 2020 verður tileinkaður eineltismálum**
 - Gátlisti vegna eineltis verður kynntur. Þeir leikskólar sem ekki hafa búið til eineltisáætlun út frá gátlistanum verða hvattir til þess og studdir til verksins.
 - Hver: Leikskólaskrifstofa
 - Hvenær: Fyrir 1. september 2020
- **Eineltisáætlun**
 - Leikskólastjórarar hvattir til að kynna eineltisáætlunina árlega og endurskoða hana með starfsfólki. Hún verður tekin til umfjöllunar með foreldrum og uppfærð á heimasíðu.
 - Hver: Leikskólaskrifstofa
 - Hvenær: Fyrir 1. september 2020
- **Fræðsla til starfsfólks**
 - Leikskólastjórarar hvattir til að bjóða starfsfólki upp á árlega fræðslu um einelti.
 - Gert verði myndband með fræðslu um einelti fyrir allt starfsfólk starfsstöðva SFS. Myndbandið verður kynnt yfirmönnum starfsstaða og í framhaldinu sýnt öllum starfsmönnum á fundum. Fylgt eftir með umræðupunktum sem fylgja með. Hvatt til þess að myndbandið verði sýnt árlega.
 - Hver: Leikskólaskrifstofa / Vinsamlegt samfélag
 - Hvenær: Fyrir 8. nóvember 2020

- **Stuðningur skólaþjónustu þjónustumiðstöðva**
 - Í gátlista vegna eineltis er ekki gert ráð fyrir því að við alla leikskóla séu eineltisteymi, en leikskólastjórar eru ábyrgðaraðilar þegar upp koma eineltismál og skulu þeir leita til skólaþjónustu þjónustumiðstöðvanna.
 - Hver: Starfshópurinn Vinsamlegt samfélag fundar með fulltrúa velferðarsviðs um málið og setur það í farveg
 - Hvenær: Fyrir 15. júní 2020

GRUNNSKÓLAR

- **Verklagsreglur um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda.**
 - Í endurskoðuðum verklagsreglum verði m.a. vísað í gátlista vegna eineltis.
 - Þegar vinnu við endurskoðun verklagsreglanna lýkur verður slóðin send á alla grunnskóla og mælt til að skólarnir hafi þær á sínum heimasíðum.
 - Hver: Grunnskólaskrifstofa
 - Hvenær: Fyrir 1. júní 2020
- **Einn skólastjórafundur á vorönn 2020 verður tileinkaður eineltismálum.**
 - Gátlisti vegna eineltis verður kynntur og þeir sem ekki hafa búið til eineltisáætlun út frá gátlistanum fyrir sína grunnskóla hvattir til þess og studdir til verksins.
 - Hver: Grunnskólaskrifstofa
 - Hvenær: Fyrir 1. júní 2020
- **Eineltisteymi**
 - Hvatt til þess að við alla skóla séu starfrækt eineltisteymi skv. gátlista vegna eineltis. Jafnframt verður hvatt til þess að fulltrúar frístundastarfs séu þátttakendur í eineltisteymum viðkomandi grunnskóla.
 - Meðal verkefna eineltisteymis er að annast skráningu á tíðni eineltis.
 - Hver: Grunnskólaskrifstofa
 - Hvenær: Fyrir 1. sept. 2020
- **Allir skólar með eineltisstefnu og eineltisáætlun**
 - Skólar kynni eineltisáætlunina árlega og endurskoða hana með starfsfólki og hún tekin til umfjöllunar með foreldrum og uppfærð á heimasíðu.
 - Hver: Grunnskólaskrifstofa
 - Hvenær: Fyrir 1. sept. 2020
- **Fræðsla til starfsfólks**
 - Skólastjórar hvattir til að bjóða starfsfólki upp á árlega fræðslu um einelti.
 - Gert verði myndband með fræðslu um einelti fyrir allt starfsfólk starfsstöðva SFS. Myndbandið verður kynnt yfirmönnum starfsstaða og í framhaldinu sýnt öllum starfsmönnum á fundum. Fylgt eftir með umræðupunktum sem fylgja með. Hvatt til þess að myndbandið verði sýnt árlega.
 - Hver: Grunnskólaskrifstofa / Vinsamlegt samfélag
 - Hvenær: Fyrir 8. nóvember 2020

FRÍSTUNDAHEIMILI og FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

- **Einn fundur stjórnenda frístundamiðstöðva á vorönn 2020 verði tileinkaður eineltismálum.**
 - Gátlisti vegna eineltis kynntur og þeir sem ekki hafa búið til eineltisáætlun í samstarfi við þá grunnskóla sem þeir starfa við, út frá gátlistanum, verða hvattir til þess og studdir til verksins.
 - Hver: Skrifstofa frístundamála
 - Hvenær: Fyrir 1. júní 2020
- **Eineltisteymi**
 - Hvatt til þess að fulltrúar frístundastarfs séu þátttakendur í eineltisteymum viðkomandi grunnskóla. Skáning á einelti verði í höndum teymisins.
 - Hver: Skrifstofa frístundamála
 - Hvenær: Fyrir 1. júní 2020
- **Eineltisáætlun**
 - Öll frístundaheimili og félagsmiðstöðvar vísi á þá eineltisáætlun sem gildir fyrir starfið á sínum heimasíðum.
 - Hver: Skrifstofa frístundamála
 - Hvenær: Fyrir 1. september 2020
 - Eineltisáætlun endurskoðuð og rædd reglulega með öllu starfsfólki frístundaheimilisins/félagsmiðstöðvarinnar
 - Til viðbótar við gátlista SFS vegna eineltis er til verkferill vegna eineltismála í félagsmiðstöðvum í starfsmannahandbók félagsmiðstöðva sem er í samræmi við gátlista SFS vegna eineltis. https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/allir_verkf_erlar_-_uppfaersla_23102018.pdf
- **Fræðsla til starfsfólks**
 - Stjórnendur frístundaheimila og félagsmiðstöðva verða hvattir til að bjóða starfsfólki upp á árlega fræðslu um einelti.
 - Gert verði myndband með fræðslu um einelti fyrir allt starfsfólk starfsstöðva SFS. Myndbandið verður kynnt yfirmönnum starfsstaða og í framhaldinu sýnt öllum starfsmönnum á fundum. Fylgt eftir með umræðupunktum sem fylgja með. Hvatt til þess að myndbandið verði sýnt árlega.
 - Hver: Skrifstofa frístundamála / Vinsamlegt samfélag
 - Hvenær: Fyrir 8. nóvember 2020

SKÓLAÞJÓNUSTA

- **Fundur með fulltrúum skólaþjónustu**
 - Starfshópurinn Vinsamlegt samfélag óskar eftir fundi með fulltrúa velferðarsviðs. Markmið fundarins er að lögð verði drög að skipulagðri aðkomu skólaþjónustu að eineltismálum barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.

- Lagt verður til að eineltisráð verði starfandi í hverri þjónustumiðstöð sem foreldrar og starfsstaðir SFS í hverfinu geta leitað til þegar talin er þörf fyrir aukinn stuðning við lausn mála. Mál sem ráðið kemur að verði skráð. Verði mál ekki leyst í eineltisráði hverfisins má vísa þeim til skrifstofu skóla- og frístundasviðs eða til fagráðs um einelti sem starfar á ábyrgð Menntamálastofnunar.
 - Hver: Starfshópurinn Vinsamlegt samfélag
 - Hvenær: Fyrir 15. júní 2020

Úttekt á eineltisferlum hjá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 11. maí 2016 tillögu þess efnis að beina því til borgarráðs að fenginn yrði óháður aðili til að fara yfir verkferla starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna. Jafnframt yrðu lagðar fram tillögur til úrbóta, meðal annars með hliðstjón af breytingum samfara auknum rafrænum samskiptum barna. Hugað yrði að samþættingu aðila sem að málum koma innan borgarinnar. Borgarráð samþykkti á fundi 19. maí 2016 að fenginn yrði óháður aðili til að fara yfir verkferla starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna. Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi 8. júní 2016 að vísa tillögu um eineltisráð, sem yrði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geti leitað til þegar ekki er unnt að greiða úr málum á vettvangi, inn í vinnu óháðs aðila við úttekt á verkferlum starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna. Mannauðsdeild Reykjavíkurborgar kom að því að velja aðila til að taka að sér verkefnið og í ársbyrjun 2017 var Gunnar Gíslason, ráðgjafi hjá StarfsGæði ehf. fenginn að verkefninu.

Á vorönn 2017 var unnið að útfærslu sammings við Gunnar og var verkefninu skipt í tvo þætti, annars vegar gagnaöflun og tillögu að frekari vinnu og hins vegar úrvinnslu og tillögugerð. Starfsfólk á skrifstofu skóla- og frístundasviðs tók að sér hluta gagnaöflunar. Í skýrslu Gunnars, sem er fylgiskjal með minnisblaðinu, er gerð grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar.

Starfshópurinn Vinsamlegt samfélag hefur yfirfarið skýrslu Gunnars og leggur fram ofangreindar tillögur til úrbóta á starfsstöðum sviðsins. Athugun Gunnars Gíslasonar sýnir að nokkur munur mælist á tíðni eineltis í skólum borgarinnar, en þeir tveir skólar þar sem minnst einelti mælist eru unglingaskólar. Mikilvægt er að greina hvaða fleiri þættir hafa mest áhrif á tíðni eineltis í þessum skólunum en þeir vinna báðir samkvæmt Olweusaráætluninni. Fyrir liggur að aldur nemenda hefur áhrif en einelti mælist jafnan mest á miðstigi en minnst á unglingastigi. Áhrif annarra þátta þarf einnig að skoða, ekki síst einkenni skólabrags, viðhorf starfsmanna til eineltis, símenntun starfsmanna og áhrif samstarfs á hverfavísu.

Á skóla- og frístundasviði hefur ávallt verið lögð rík áhersla á að vinna gegn einelti og öðru ofbeldi, byggja upp góðan staðarbrag á starfsstöðum sviðsins, stuðla að símenntun starfsmanna og fylgjast með niðurstöðum rannsókna sem mæla einelti og félagslega stöðu barna og unglinga. Þar að auki leggur ný Menntastefna Reykjavíkurborgar mikla áherslu á félagsfærni og sjálfseflingu.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 undir yfirskriftinni „Látum draumana rætast“ var samþykkt í borgarstjórn 20. nóvember 2018. Stefnan er afrakstur samstarfs þúsunda borgarbúa með aðkomu barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, kennurum, stjórnendum, foreldrum, kjörinna fulltrúa ásamt innlendum og erlendum ráðgjöfum.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verður að því að öll börn öðlist sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Þá er áhersla á að börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Lagt er upp úr því að börn sýni frumkvæði, tileinki sér skapandi og gagnrýna hugsun og heilbrigðan lífsstíl. Stefnunni er skipt upp í fimm grundvallarþætti. Félagssfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

Markviss innleiðing hefur staðið yfir í rúmt ár og er lögð mikil áhersla á að skrifstofa skóla- og frístundasviðs styðji starfseiningar sviðsins við innleiðinguna. Tvö fyrstu skólaár innleiðingarinnar eru veittar 200 milljónir króna í nýjan þróunar- og nýsköpunarsjóð til að styðja við innleiðinguna. Sjóðurinn er tvískipur, A hluti að upphæð 150 milljónir sem er úthlutað á grundvelli umsókna til einstaka skóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita og B hluti að upphæð 50 milljónir sem er úthlutað til stærri samstarfsverkefna þar sem er gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis. Búið er að úthluta einu sinni úr sjóðnum. 27% umsókna A hluta snéru að félagsfærni verkefnum og 25% umsókna að sjálfsefningarverkefnum. 48% umsókna snéru að öðrum verkefnum, svo sem læsi, sköpun, virkni barna og þátttöku, heilbrigði og fagmennsku og samstarfi. Umsóknir starfsstaða um styrki vegna innleiðingar menntastefnunnar sýna að mikill áhugi er fyrir eflingu þessara markmiða og starfsstaðir því almennt að vinna að aukinni félagsfærni og sjálfsefningu barna. Vænta má að þessar áherslur dragi úr einelti.

Vinsamlegt samfélag

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs er starfshópur sem leiðir verkefnið *Vinsamlegt samfélag*. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð. Þar er einelti ekki liðið en þegar þörf krefur er tekið skipulega á því í samræmi við eineltisáætlun skólans/frístundamiðstöðvarinnar og stefnu borgarinnar. Vinsamlegt samfélag miðar að því að styðja við gerð virkra eineltisáætlana og viðeigandi verkferla á starfsstöðum. Hópurinn er skipaður fulltrúum leikskóla-, grunnskóla- og frístundahluta fagskrifstofu, auk fulltrúa frá mannauðsskrifstofu. Fjölbreytt verkefni eru vistuð er á vefnum Vinsamlegt samfélag. Meðal verkefna má nefna eftirfarandi:

- [Gátlisti gegn einelti](#), sem unnin var í samstarfi við þjónustumiðstöðvar, fulltrúa foreldra, starfsmanna og stjórnenda og ætlað er að samræma aðgerðir gegn einelti á öllum starfsstöðum SFS.
- Verkefnið ALLIR VINIR sem unnið var að í samvinnu við Vöndu Sigurgeirsdóttur. Verkefnið Allir vinir veitir þekkingu og verkfæri til að fara í markvissa forvarnavinnu með yngstu börnunum.
- Veggspjaldið; Við berum öll ábyrgð.
- Myndbönd ætluð börnum og unglingum, sem SFS hefur gert í tilefni dags gegn einelti.
- Hagnýt ráð til foreldra eftir Benedikt Braga Sigurðsson, sálfræðing.

Allt þetta efni þarf að nýta betur og leggja aukna áherslu á fræðslu til starfsmanna til að koma betur til móts við þær áherslur sem niðurstöður rannsókna draga fram.

Hvað segja rannsóknir okkur?

Erlendar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á einelti í grunnskólum ([Svenska skolverket](#)), sýna að sterkasta forvörnin gegn einelti og öðru ofbeldi er góður skólabragur. Jafnframt sýna þær að engar hannaðar aðferðir, einar og sér, eru þess megnugar að fyrirbyggja einelti. Eitt af því mikilvægasta sem fram kemur í rannsókn Svenska skolverket er hvað viðhorf stjórnenda hafa mikil áhrif á hvernig tekist er á við einleti. Þar sem einelti mældist mikið töldu stjórnendur að einelti væri ekki meira í skólanum þeirra en gengur og gerist. Þar sem einelti var lítið höfðu stjórnendur aftur á móti áhyggjur af því að einelti væri of mikið. Áherslur á mikilvægi góðs skólabrags eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla:

Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi.

Sú hugmyndafræði sem starfshópurinn Vinsamlegt samfélag byggir á er í samræmi við menntastefnu Evrópusambandsins um skóla án ofbeldis. Fulltrúar Vinsamlegs samfélags tóku þátt í eins árs verkefnavinnu á vegum Pestalozzi (deild menntamála Evrópusambandsins) skólaárið 2011- 2012. Með stefnunni er litið svo á að besta forvörnin gegn öllu ofbeldi, þar á meðal einelti, sé hæfileikinn til að geta leikið sér og unnið með öðrum, líka þeim sem eru ólíkir okkur. Forsendan er gagnkvæm virðing, að geta sett sig í annarra spor og kunna að leysa úr ágreiningi. Þessari færni verður best náð þegar allur skólabragurinn einkennist af áðurnefndum áherslum þar á meðal með markvissu samvinnunámi í öllum námsgreinum. Ekki nægir að kenna góð samskipti einn tíma á viku. Minnt er á að tveir af grunnþáttum menntastefnu Reykjavíkur eru einmitt félagsfærni og sjálfsefning. Til að efla þessa þætti hefur SFS meðal annars unnið viðmið um geðfræðslu í grunnskólum log átið gera verkefnabanka sem vistaður verður í Verkferakistu á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar: www.menntastefna.is

Reglubundin og markviss fræðsla til starfsmanna, ásamt umræðum er besta leiðin til að stuðla að góðum staðarbrag í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi.

Rannsóknir og mælingar á einelti

Almennt er einelti talið flókið félagslegt vandamál fremur en vandamál einstaklinga, vandamál sem byggir á óheilbrigðum félagslegum tengslum og gildum og samskiptamynstri hópsins. Þrátt fyrir margvísleg úrræði benda niðurstöður rannsókna því miður til að einelti hafi aukist. Sjálfsagt er ekki til nein einföld skýring á því. Reynslan hefur sýnt að upplifanir fólks af sama atburði geta verið mismunandi, það sem einn telur vera samskiptavanda getur annar álitit vera einelti. Stundum verður ágreiningur um slíkt að djúpstæðri deilu milli barna og eða/foreldra og skóla. Kjarni málsins skal alltaf vera sá að ef barn sýnir þess merki að líða illa eiga foreldrar og skóli/ frístund að taka á vandanum í samvinnu, sama hver ástæðan kenna að vera. Foreldrar bera fyrst og fremst hag eigin barns fyrir brjósti meðan kennarinn og aðrir starfsmenn SFS þurfa að gæta hagsmuna allra barna. Stundum getur reynst flókið að samræma þessa hagsmuni. Nokkrir aðilar hafa framkvæmt rannsóknir á einelti á starfsstöðum SFS, einkum í grunnskólum.

Skrifstofa SFS hefur safnað gögnum úr þessum rannsóknum, þar má nefn kannanir Skólapúlsins, Rannsóknir og greiningu, foreldrakannanir SFS, rannsóknir Ársæls Mús Árnasonar prófessors og Vöndu Sigurgeirsdóttur lektors Menntavísindasviðs HÍ auk úttektar Gunnars Gíslasonar hjá Starfsgæðum á eineltisferlum SFS.

Meðal þess sem fram kemur í rannsóknum Ársæls og Vöndu er að vinna þarf með viðhorf barna og unglunga, skoða hvernig fræðsla um einelti fer fram í skóla- og frístundastarfi, taka þarf á ótta barna við að fara í skólann, fræðsla og þjálfun starfsfólks þarf að vera markviss, líta þarf á einelti sem félagslegt vandamál alls hópsins, vinna þarf með skólabrag/staðarbrag, hafa börnin sjálf með í ráðum í tengslum við forvarnir og ná betur til allra foreldra. Rannsóknir sýna að fagfólk skortir þekkingu og verkfæri til að takast á við einelti (Sjöfn Kristjánisdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir, 2011; Vanda Sigurgerisdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004).

Ákveðnar vísbendingar eru um að mælingar á tíðni eineltis geti á stundum verið óáreiðanlegar, til dæmis er hugsanlegt að þar sem umræða um einelti er mikil geti börn verið líklegri til að skilgreina fleiri neikvæð samskipti sem einelti. Einnig er mögulegt að mörg börn á sama starfsstað segist hafa orðið vitni að einelti, og einelti því talist mikið, þegar raunin er sú að öll börnin eru að vísa í einn og sama atburð.

Samantekt

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið gegn einelti á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs enda er einelti litið mjög alvarlegum augum hér líkt og víðast annarsstaðar. Benda má á að Samtök um menntarannsóknir í Bandaríkjunum (AERA) hafa ályktað að einelti sé einn mesti heilsufarsvandi sem steðjar að börnum, unglingum og ungu fólki.

Í kjölfar úttektar á stöðu eineltismála á starfsstöðum SFS leggur starfshópurinn Vinsamlegt samfélag fram þær tillögur sem koma fram fremst í þessu minnisblaði. Tillögurnar hafa það að markmiði að samræma aðgerðir aðila er koma að eineltismálum barna í leikskólum, grunnskólum, frístundastarfi og skólaþjónustu. Ný menntastefna Reykjavíkur, þar sem rík áhersla er lögð á félagsfærni og sjálfseflingu, styður enn frekar við og veitir skýran ramma í vinnunni gegn einelti. Einelti verður áfram áskorun fyrir starfsstaði SFS en ofangreindar tillögur hafa möguleika til að verða mikilvægur þáttur í að fyrirbyggja og vinna gegn einelti enn frekar og stuðla að bættu samfélagi á starfsstöðum SFS þar sem öll börn leika sér og læra í öruggu umhverfi.